



Borgarráð

Reykjavík, 5. maí 2026

MSS22030045

Endurskoðun Græna plansins - Uppfærð heildarstefna Reykjavíkur til 2030

Lagt er til að borgarráð samþykki uppfærða útgáfu á Græna planinu – Reykjavíkurstefnunni sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn.

Greinargerð:

Græna planið var upphaflega samþykkt í borgarstjórn 15.12.2020 og uppfærð útgáfa samþykkt 17. mars 2022. Starfshópur um Græna planið var skipaður með erindisbréfi sem lagt var fyrir borgarráð 27. nóvember 2025. Verkefni starfshópsins var m.a. að endurskoða og uppfæra Græna planið eftir þörfum og endurskoða og gera nýja aðgerðaáætlun eftir þörfum. Við endurskoðun á Græna planinu var það mat starfshópsins að það þarfnaðist talsverðrar endurskoðunar áður en farið yrði í að endurnýja aðgerðaráætlunina. Afrakstur þeirrar endurskoðunar liggur nú fyrir í uppfærðu Græna plani sem er hér lagt fram.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Skilabréf starfshóps Græna plansins.

Græna planið – Uppfærð heildarstefna Reykjavíkur til 2030.



Reykjavík



Viðtakandi: Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarstjóri

Sendandi: Starfshópur um endurskoðun Græna plansins

Efni: Endurskoðun Græna plansins - tillögur starfshóps

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi tillögur starfshóps um endurskoðun Græna plansins. Stefnan ber yfirskriftina **Græna planið - Reykjavíkurstefnan** og er endurskoðuð útgáfa af Græna planinu sem samþykkt var fyrst árið 2020 og uppfært síðast í nóvember 2022.

Um starfshópinn

Starfshópurinn var skipaður af borgarstjóra haustið 2025 með fulltrúum allra sviða borgarinnar. [Samkvæmt erindisbréfi](#) er hlutverk hópsins að endurskoða og uppfæra Græna planið ásamt aðgerðaáætlun þess, tengja aðgerðaáætlun Græna plansins við fjárhagsáætlun borgarinnar og styðja við innleiðingu markmiða þvert á svið. Þá er starfshópnum einnig gert að skila áfangaskýrslum til borgarráðs með reglubundnum hætti. Fyrsta verk starfshópsins var að endurskoða Græna planið og liggur nú vinna nú fyrir.

Vinnuferli

Í janúar og febrúar 2026 hélt starfshópurinn fjóra vinnufundi ásamt samráðsfundum með yfirstjórn borgarinnar og borgarráði. Fyrstu vinnustofur einblíndu á greiningu á styrk- og veikleikum stefnunnar, einnig var farið yfir uppbyggingu og hugtakanotkun. Tillögur að breytingum á áherslum stefnunnar fóru fram samhliða greiningu starfshópsins á núverandi stefnum borgarinnar og taka mið af niðurstöðum þeirrar vinnu.

Desember 2025	Janúar 2026	Febrúar 2026	Apríl 2026
Upphafsfundur Erindisbréf og umboð	Vinnustofur starfshóps Greining og tillögur	Samráð við yfirstjórn og borgarráð	Lokadrög lögð fram til samþykktar

Nálgun starfshópsins og ákvarðanir

Við endurskoðunina lá til grundvallar sú sýn starfshópsins að heildarstefna borgarinnar ætti að vera raunhæft stjórn tæki og ná utan um stærstu málefni núverandi stefna borgarinnar.

Helstu ákvarðanir og leiðarljós starfshópsins þessari vinnu voru eftirfarandi:

- **Samræmd uppbygging.**
Hugtakanotkun og uppbygging stefnunnar samræmd í skýrt afmarkaðan stefnuramma: framtíðarsýn → meginmarkmið → markmið → áherslur.
- **Áherslur endurskoðaðar.**
Áherslur voru endurskrifaðar og horfið var frá því að áherslur lýsi tiltekinni stöðu í framtíðinni (t.d. „Samgöngur eru grænar...“) yfir í aðgerðamiðaðar stefnuáherslur („Efla vistvænar samgöngur...“).



- **Þrískipting óbreytt.**
Viddirnar þrjár — umhverfi, efnahagur og samfélag — standa óbreyttar enda rík hefð að horfa til sjálfbærni út frá þessum tilteknu flokkum. Texti þeirra meginmarkmiða sem sett eru fram var endurskoðaður.
- **Framtíðarsýn.**
Endurskoðuð og einfölduð framtíðarsýn með sterkari tengsl við allar sjálfbærnivíddir.
- **Ný markmið.**
Ný markmið voru útfærð í stefnunnar og þá bera helst að nefna eftirfarandi: fjármálastjórnun, lýðheilsa, útvist, mannréttindi og aukin tengsl við innra starf borgarinnar. Undirtitli efnahagsvíddar breytt úr „Vaxandi borg“ í „Borg í sókn“.
- **Framsetning.**
Öll markmið og áherslur stefnunnar eru nú tölusett til að auðvelda tilvísanir í stefnuna.

Næstu skref í vinnu starfshópsins

Starfshópurinn mun á næstu mánuðum beina sjónum sínum að innleiðingu stefnunnar og í því felst eftirfarandi:

- **Aðgerðaáætlun.** Útfæra aðgerðaáætlun og tengja hana við gerð fjárhagsáætlunar.
- **Áfangaskýrslur.** Halda áfram reglubundnum skilum til borgarráðs.
- **Samstarf sviða.** Efla samstarf í innleiðingunni og fylgja eftir hvernig stefnan birtist í daglegri starfsemi borgarinnar.

f.h. starfshóps um Græna planið,

Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari
og formaður starfshóps

Hjálagt:

Græna planið - Reykjavíkurstefnan - endurskoðun apríl 2026



Reykjavík

– Endurskoðað, apríl 2026

Græna planið

Reykjavíkurstefnan

Heildarstefna borgarinnar til 2030





Græna planið lagt fyrir borgarráð til samþykktar 7. maí 2026

- Starfshópur um Græna planið

Verkefnastýring og samskipti:
Teymi stefnumótunar og þróunar
á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

reykjavik.is/graena-planid





Samhæfing til sjálfbærni

Umhverfi | Efnahagur | Samfélag

Reykjavíkurstefnan — Græna planið er heildarstefna Reykjavíkurborgar til ársins 2030. Stefnan er rammi utan um framtíðarsýn borgarinnar og meginmarkmið sem stýra áherslum þvert á alla starfsemi borgarinnar.

Meginmarkmið stefnunnar eru byggð á þremur víddum sjálfbærni - umhverfi, efnahagur og samfélag. Sjálfbærni þarf að taka tillit til allra þessara þátta.

Stefnan tengir einnig saman lykilstefnur borgarinnar í þeim tilgangi að veita borginni sameiginlegan ramma til forgangsröðunar og ákvarðanatöku.

Græna planið á að tryggja að stefnur og aðgerðir sviða og stofnana vinni saman að sömu markmiðum og að fjármunum sé beint þangað sem þeir skila mestum árangri fyrir borgarbúa og umhverfi.



Efnisyfirlit

Gagnvirkt skjal: Heiti kafla færir þig beint í viðkomandi kafla og skjaldarmerki í vinstra horni aftur á þessa síðu.



Umhverfi

1. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda
2. Aukin kolefnisbinding og aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga
3. Öflug opin og græn svæði með fjölbreyttri aðstöðu
4. Aðgengi að heilnæmu umhverfi og náttúru
5. Vistvænar samgöngur



Efnahagur

6. Fjárhagsleg sjálfbærni og stöðugleiki
7. Árangursdrifin og hagkvæm nýting fjármuna
8. Skýr forgangsröðun og markvissar fjárfestingar
9. Þétt og blönduð byggð
10. Ný atvinnutækifæri framtíðar
11. Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun
12. Vaxandi borg í takt við þarfir borgarbúa



Samfélag

13. Velferð fyrir okkur öll
14. Öflugt skóla- og frístundastarf
15. Menning og listir samofin borgarlífinu
16. Íþróttir og útivist fyrir öll
17. Lýðheilsa og forvarnir
18. Mannréttindi, öryggi og þátttaka
19. Öflugt starfsfólk á eftirsóknarverðum vinnustað





Framtíðarsýn

Reykjavík er sjálfbær, kraftmikil og heilnæm borg fyrir fólk sem nýtur jafnra tækifæra í þágu núverandi og komandi kynslóða.

Meginmarkmið

Umhverfi

Græn borg

Reykjavík verði kolefnishlutlaus og vistvæn borg sem byggir á virðingu fyrir náttúru og ábyrgri nýtingu náttúruauðlinda.

Efnahagur

Borg í sókn

Reykjavík sé kraftmikil og samkeppnishæf borg sem stendur á traustum fjárhagsgrunni og sækir fram af ábyrgð og framsýni.

Samfélag

Borg fyrir fólk

Reykjavík byggi á réttlæti, sanngirni og virkri þátttöku þannig að börn og fullorðnir búi og starfi við öryggi og njóti jafnra tækifæra.



Blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg





Markmið í umhverfismálum til 2030

1. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda
2. Aukin kolefnisbinding og aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga
3. Öflug opin og græn svæði með fjölbreyttri aðstöðu
4. Aðgengi að heilnæmu umhverfi og náttúru
5. Vistvænar samgöngur





1 | Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda

Markmið

**Reykjavík dragi markvisst úr losun
gróðurhúsalofttegunda og verði
kolefnishlutlaus borg.**

Áherslur

- 1.1** Efla vistvænar samgöngur, almenningsamgöngur og styðja við orkuskipti.
- 1.2** Byggja upp öfluga grunnþjónustu í hverfum borgarinnar þar sem íbúar geti sótt sér verslun og þjónustu.
- 1.3** Lágmarka úrgangsmyndun og efla hringrásarhagkerfið.
- 1.4** Efla vistvæna hönnun mannvirkja, grænan rekstur og ábyrg innkaup borgarinnar.
- 1.5** Styðja við réttlát umskipti og jöfnuð til framtíðar.



2 | Aukin kolefnisbinding og aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga

Markmið

**Reykjavík auki kolefnisbindingu og vinni
að aðlögun vegna loftslagsbreytinga
með vistvænum og mannvænum hætti.**

Áherslur

- 2.1 Auka og efla náttúrumiðaðar lausnir í borgarumhverfinu.
- 2.2 Búa strandsvæði og hafnarmannvirki undir hækkingu yfirborð sjávar.
- 2.3 Efla viðbúnað og viðnámsþrótt borgarinnar gagnvart náttúruhamförum.



3 | Öflug opin og græn svæði með fjölbreyttri aðstöðu

Markmið

Reykjavík efli opin og græn svæði sem styrkja líffræðilega fjölbreytni, heilsu og lífsgæði íbúa og gesta.

Áherslur

- 3.1** Vernda líffræðilega fjölbreytni og standa vörð um samfellu vistkerfa í borgarlandinu.
- 3.2** Vernda náttúruauðlindir og vistkerfi með ábyrgri landnotkun.
- 3.3** Efla opin og græn svæði til að styðja við menningu, listir og útivist með fjölbreyttri aðstöðu og auðveldu aðgengi.



4 | Aðgengi að heilnæmu umhverfi og náttúru

Markmið

Reykjavík bæti aðgengi íbúa að heilnæmu umhverfi, hreinum auðlindum og matvælum.

Áherslur

- 4.1 Vernda neysluvatn, loftgæði og vatnsgæði sjávar og ferskvatns.
- 4.2 Auka sjálfbærni í matvælakeðjunni og draga úr matarsóun.
- 4.3 Tryggja aðgengi íbúa og gesta að grænum útivistarsvæðum sem stuðla að góðri heilsu og vellíðan.



5 | Vistvænar samgöngur

Markmið

Reykjavík fjárfesti í samgönguinnviðum sem styðja við fjölbreytta fararmáta.

Áherslur

- 5.1 Setja gangandi, hjólandi og almenningssamgöngur í forgang.
- 5.2 Standa vörð um umferðaröryggi og aðgengi allra við ákvarðanir um samgöngur.
- 5.3 Tengja borgarhverfin saman með tíðum almenningssamgöngum og þéttofnu neti hjóla- og göngustíga.



Frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir



Markmið í efnahagsmálum til 2030

6. Fjárhagsleg sjálfbærni og stöðugleiki
7. Árangursdrifin og hagkvæm nýting fjármuna
8. Skýr forgangsröðun og markvissar fjárfestingar
9. Þétt og blönduð byggð
10. Ný atvinnutækifæri framtíðar
11. Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun
12. Vaxandi borg í takt við þarfir borgarbúa





6 | Fjárhagsleg sjálfbærni og stöðugleiki

Markmið

Reykjavík reki sig með sjálfbærum hætti til lengri tíma og styðjist við skýr fjárhagsleg viðmið sem styrkja stöðugleika og fyrirsjáanleika.

Áherslur

- 6.1** Rekstrarjafnvægi sé tryggt og útgjöld taki mið af þróun tekjustofna.
- 6.2** Stýra skuldsetningu á sjálfbæran hátt í samræmi við greiðslugetu og lánshæfi borgarinnar.
- 6.3** Fjárfestingar taki mið af langtímaáætlunum og styðji við stefnumarkmið borgarinnar.
- 6.3** Beita skýrum viðmiðum og reglulegri eftirfylgni í fjármálastjórn til að styðja stöðugleika og fyrirsjáanleika.



7 | Árangursdrifin og hagkvæm nýting fjármuna

Markmið

Reykjavík nýti fjármuni borgarinnar á ábyrgan og gagnsæjan hátt með áherslu á árangur, hagkvæman rekstur og traust.

Áherslur

- 7.1 Efla árangursdrifna nýtingu fjármuna og styðja markvissa endurforgangsröðun þvert á borgarkerfið.
- 7.2 Tengja fjárhagsáætlanagerð við skýra árangursmælikvarða sem styðji við umbótamenningu í þjónustu.
- 7.3 Bæta hagkvæmni og þjónustu með stafrænum lausnum og einföldun ferla.
- 7.4 Efla gagnsæi og aðgengi að upplýsingum um nýtingu fjármuna og árangur.



8 | Skýr forgangsröðun og markvissar fjárfestingar

Markmið

Reykjavík forgangsráði fjármunum með markvissum hætti sem hámarkar samfélagslegan ávinning og styður við innviðauppbýggingu og langtímapróun borgarinnar.

Áherslur

- 8.1** Forgangsraða fjárfestingum eftir samfélagslegum, umhverfislegum og efnahagslegum ávinningi.
- 8.2** Byggja verkefnaval og ákvarðanatöku á gögnum, greiningu og áhættumati.
- 8.3** Forgangsraða verkefnum eftir lögbundnum skyldum, stefnumörkun borgarstjórnar og samningsbundnum skuldbindingum.
- 8.4** Samhæfa stefnumótun borgarinnar, tengja stefnur við fjárhagsáætlanagerð og fjármögnun.
- 8.5** Beina fjárfestingum að verkefnum sem styðja við kolefnishlutleysi og réttlát umskipti.



9 | Þétt og blönduð byggð

Markmið

Reykjavík byggir upp þétta, blandaða byggð með sjálfbærni að leiðarljósi.

Áherslur

- 9.1** Byggja nýjar íbúðir á þéttingarreitum í takt við mannfjöldapróun.
- 9.2** Tryggja fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla hópa.
- 9.3** Beina uppbyggingu að áhrifasvæði Borgarlínu og lykiluppbyggingarsvæðum.
- 9.4** Efla sjálfbærni, félagslega fjölbreytni og lífsgæði í hverfum borgarinnar.



10 | Ný atvinnutækifæri fram tíðar

Markmið

Reykjavík styðji við ný atvinnutækifæri á forsendum hugvits, nýsköpunar og sjálfbærni.

Áherslur

- 10.1** Rækta nýsköpunarhugsun og efla samstarf borgarinnar við nýsköpunarsamfélagið.
- 10.2** Einfalda og bæta þjónustu borgarinnar með stafrænum lausnum.
- 10.3** Efla grænar og skapandi greinar og fjölga störfum í nýsköpun.
- 10.4** Styðja við atvinnuþátttöku allra og efla alþjóðlegt nýsköpunarsamstarf.



11 | Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun

Markmið

Reykjavík stuðli að góðri landnýtingu, fjölbreyttu atvinnulífi og nægum athafnasvæðum fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Áherslur

- 11.1** Byggja upp innviði og aðstöðu fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi og skapandi einstaklinga.
- 11.2** Efla Reykjavík sem áfangastað og starfsvettvang fyrir listafólk og menningarstarfsemi.
- 11.3** Efla nýsköpunar-, menningar- og þekkingarkjarna í Reykjavík.
- 11.4** Þróa ný athafnasvæði og atvinnutækifæri innan áhrifasviðs Borgarlínu.



12 | Vaxandi borg í takt við þarfir borgarbúa

Markmið

Reykjavík vaxi í takt við þarfir borgarbúa og bjóði upp á góð lífsgæði og fyrirmyndar aðstöðu fyrir okkur öll.

Áherslur

- 12.1** Styrkja uppbyggingu og umbætur húsnæðis grunnskóla og leikskóla í takt við nútímaþarfir.
- 12.2** Hanna hagkvæma og hentuga aðstöðu á forsendum algildrar hönnunar.
- 12.3** Byggja upp mannvæna innviði fyrir skóla, íþróttir, menningu og útivist samhliða uppbyggingu í hverfum.
- 12.4** Styrkja ímynd Reykjavíkur með aðgengilegum og lýsandi upplýsingum til íbúa og gesta.



Réttlæti, sanngirni og þátttaka



Samfélag Borg fyrir fólk

Reykjavík byggir á réttlæti, sanngirni og virkri þátttöku þannig að börn og fullorðnir búi og starfi við öryggi og njóti jafnra tækifæra.





Markmið í samfélagsmálum til 2030

- 13. Velferð fyrir okkur öll
- 14. Öflugt skóla- og frísundastarf
- 15. Menning og listir samofin borgarlífinu
- 16. Íþróttir og útvist fyrir öll
- 17. Lýðheilsa og forvarnir
- 18. Mannréttindi, öryggi og þátttaka
- 19. Öflugt starfsfólk á eftirsóknarverðum vinnustað





13 | Velferð fyrir okkur öll

Markmið

Reykjavík sé borg fyrir okkur öll þar sem velferðarþjónusta stuðlar að góðri líðan og lífsgæðum íbúa.

Áherslur

- 13.1** Meta mál hvers einstaklings á eigin forsendum og sníða þjónustu að þörfum hvers og eins.
- 13.2** Efla heimaþjónustu og stuðla að heilbrigðri öldrun.
- 13.3** Styðja fatlað fólk til sjálfstæðis og innihaldsríks lífs.
- 13.4** Mæta sértækum þörfum heimilislausra með þrepaskiptri þjónustu og stuðningi.
- 13.5** Bæta þjónustu við börn og fjölskyldur í nærumhverfi þeirra.
- 13.6** Styðja einstaklinga til virkni og þátttöku í samfélaginu með margþættum virkniúrræðum og ráðgjöf.



14 | Öflugt skóla- og frístundastarf

Markmið

Reykjavík styðji börn og unglunga til að öðlast menntun og reynslu sem lætur drauma þeirra rætast.

Áherslur

- 14.1** Styðja börn í að öðlast sterka sjálfsmynd, félagsfærni og trú á eigin getu.
- 14.2** Efla lestur, þekkingarleit, skapandi hugsun og heilbrigðan lífsstíl.
- 14.3** Þróa lýðræðislegt og mannréttindamiðað skóla- og frístundastarf með framsæknu starfsfólki.
- 14.4** Styrkja samstarf heimilis og skóla sem samfélagslegt verkefni.



15 | Menning og listir samofin borgarlífinu

Markmið

Reykjavík bjóði öllum borgarbúum jöfn tækifæri til að taka þátt í og njóta menningar og lista.

Áherslur

- 15.1** Tryggja öllum íbúum tækifæri til þátttöku í menningar- og listalífi.
- 15.2** Gera menningarstarf sýnilegt og lifandi í öllum hverfum borgarinnar.
- 15.3** Endurspeglja fjölbreytileika borgarinnar í menningar- og listalífinu.
- 15.4** Styðja við barnamenningu og auka aðgengi barna- og fjölskyldna að menningu og listum.



16 | Íþróttir og útvíst fyrir öll

Markmið

Reykjavík skapi íbúum tækifæri til að stunda reglulega íþróttir, útvíst eða aðra hreyfingu með aðgengi að fjölbreyttri aðstöðu.

Áherslur

- 16.1** Tryggja tækifæri til íþróttaiðkunar, líkamsræktar og hreyfingar á öllum æviskeiðum fyrir alla hópa.
- 16.2** Styðja við þroska barna og ungmenna í fjölbreyttu íþróttastarfi.
- 16.3** Styrkja samstarf við íþróttafélög og styðja við faglegt starf þeirra.
- 16.4** Skapa aðstöðu og aðgengi að fjölbreyttum möguleikum sem styðja við útvíst og hreyfingu á almenningssvæðum.



17 | Lýðheilsa og forvarnir

Markmið

Reykjavík skapi heilsueflandi, sjálfbært borgarsamfélag sem stuðli að öryggi, jöfnuði, virkri þátttöku og vellíðan allra.

Áherslur

- 17.1** Skapa umhverfi sem eykur jöfnuð, bætir heilsu og hamingju borgarbúa.
- 17.2** Efla forvarnir og valdeflingu á öllum æviskeiðum, fyrir alla hópa, með sérstakri áherslu á geðheilsu.
- 17.3** Styðja við hreyfingu, virkni og heilbrigðan lífsstíl barna og fullorðinna af öllum kynjum.
- 17.4** Gera einstaklingum og fjölskyldum kleift að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.



18 | Mannréttindi, öryggi og þátttaka

Markmið

Reykjavík vinni að mannréttindum, eigi samráð við hagsmunaaðila og standi vörð um öryggi íbúa.

Áherslur

- 18.1** Vinna gegn mismunun og að jafnrétti allra borgarbúa.
- 18.2** Hvetja til lýðræðislegrar þátttöku og samráðs við grasrótarsamtök og hagsmunaaðila á sviði jafnréttis- og mannréttindamála.
- 18.3** Vinna að öryggi allra borgarbúa með aðgerðum og forvörnum gegn ofbeldi, sérstaklega gagnvart jaðarsettum hópum.
- 18.4** Auðvelda aðgengi að upplýsingum og þjónustu með algildri hönnun og stafrænni þróun.



19 | Öflugt starfsfólk á eftirsóknarverðum vinnustað

Markmið

**Reykjavík sé eftirsóknarverður
vinnustaður þar sem öflugt starfsfólk
byggir upp framúrskarandi starfsemi og
þjónustu.**

Áherslur

- 19.1** Efla borgina sem einn vinnustað með samræmingu ferla og stafrænna lausna.
- 19.2** Skapa forsendur til að öflugt og fjölbreytt fólk velji að starfa og eflast hjá borginni.
- 19.3** Tryggja gott, heilsueflandi og öruggt starfsumhverfi fyrir alla starfsstaði.
- 19.4** Efla sterka stjórnendur sem hafa skýra ábyrgð, fá stuðning og geta þróað færni sína.



Græna planið og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Framtíðarsýn og markmið Græna plansins styðja við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Heimsmarkmiðin horfa til umhverfis, efnahags og, samfélags líkt og Græna planið.

Heimsmarkmið 17 leggur ríka áherslu á samstarf til að ná fram markmiðunum líkt og Græna planið á að gera.





Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Hvernig tengjast markmið Græna plansins við heimsmarkmiðin?

Umhverfi — Græn borg

1. Losun

7 11 13

2. Kolefnisbinding

13 15

3. Græn svæði

11 15

4. Heilnæmt umhverfi

3 6 12 14

5. Samgöngur

9 11

Efnahagur — Borg í sókn

6. Fjárhagsleg sjálfbærni

8 17

7. Hagkvæm nýting

8 12 16

8. Forgangsröðun

9 11 13

9. Þétt byggð

10 11

10. Atvinnutækifæri

8 9

11. Atvinnulíf

8 9 11

12. Vaxandi borg

4 9 11

Samfélag — Borg fyrir fólk

13. Velferð

1 2 8 10 17

14. Skólastarf

4

15. Menning

4 10 11

16. Íþróttir

3 5 10

17. Lýðheilsa

3

18. Mannréttindi

5 10 16

19. Starfsfólk

8



Reykjavík

reykjavik.is/graena-planid